

Nd.

824. Nefndarálit

[225. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. felst mikilvæg réttarbót á núverandi skipan á launamálum opinberra starfsmanna, en hins vegar er hún aðeins spor í átt að því takmarki, að þeir nái fullu jafnrétti við aðra launamenn um réttinn til að semja um laun sín og kjör. Höfuðókostur þessa frv. eru ákvæði þess um kjaradóm, og er minni hluti fjárhagsnefndar andvígur þeim. Öll rök mæla með því, að orðið sé nú þegar við eindregnum kröfum opinberra starfsmanna og samtaka þeirra um fullan samningsrétt þeim til handa.

Í samþykki því, sem stjórn B. S. R. B. veitti einróma við þessu frv. sem mikilvægum áfanga, fólst og krafan um leiðréttingu á þessum höfuðókosti þess. Í ályktun stjórnar bandalagsins, er gerð var 9. þ. m., sagði svo:

„Enda þótt ríkisstjórnin hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórn hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsþinga, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frumvarpinu náð svo mikilvægum áfanga, að fulltrúum þess beri að samþykkja það, þó að hún viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi. Jafnframt telur stjórn B. S. R. B. sjálfsagt, að unnið verði áfram að því lokamarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við.“

Ég legg því til, að Alþingi geri nú þegar þær breytingar á frv., er fullnægja óskum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og flyt um það breytingartillögur á sérstöku þingskjali, og legg til, að frv. verði samþykkt með þeim brtt.

Alþingi, 17. apríl 1962.

Lúðvík Jósefsson.